

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Samflots bæjarstarfsmannafélaga**

(Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellssýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsvíkur og Starfsmannafélag Vestmannaeyja)

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Samflots bæjarstarfsmannafélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni 30, þann 23. október 2015, kl. 10:30.

Mætt var frá Samfloti starfsmannafélaga, Helga Hafsteinsdóttir og í síma Guðbjörn Arngrímsson og Gylfi Guðmundsson. Frá SNS: Sólveig B. Gunnarsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Röðun starfsmanna í sundlaug sveitarfélags

Málið hefur áður fengið umfjöllun á 51., 52. og 53. fundum samstarfsnefndar.

Á 51. fundi samstarfnefndar var fjallað um röðun starfamanna í sundlaug sveitarfélags og var þeim tilmælum beint til sveitarfélagsins að greiða þeim starfsmönnum sem starfað hafa við sundlaugarvörslu og uppfyllt hæfnispróf samkvæmt viðauka III í reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 laun sundlaugarvarðar og leiðrétta þau allt að 4 ár aftur í tímann eftir atvikum. Á 52. fundi var bókunin ítrekuð.

Vegna ágreinings við sveitarfélagið um fjölda þeirra starfsmanna sem lokið hafa tilskyldu hæfnisprófi var samstarfsnefndin sammála um á 53. fundi að kalla eftir upplýsingum frá verkefnastofu starfsmats um hvað "námskeið í skyndihjálpi og að hafa staðist sundpróf" þýðir í starfaskilgreiningunni Sundlaugarvörður I með 325 stig. Við mat á starfi sundlaugarvarðar.

Einnig var ákveðið að kalla eftir staðfestingu frá forstöðumanni sundstaða sveitarfélagsins og námskeiðshaldara á því hvenær námskeið sundlaugarvarða hafa verið haldin frá 2006 og hvaða starfsmenn sóttu þau námskeið. Þær upplýsingar bárust frá íþróttá og æskulýðsfulltrúa og bæjarritara að sveitarfélagið hafi eingöngu staðið fyrir sundnámskeiði árið

2010 (björgun og þolpróf) og skyndihjálparnámskeiði árið 2012. Þetta eru einu námskeiðin sem þeim hafa staðið til boða að sögn fulltrúa sveitarfélagsins fyrir utan námskeið sem haldið var nú í vor.

Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu hefur það ekki staðið fyrir fyrrgreindu hæfnisprófi sem skylt er að halda árlega samkvæmt áðurnefndri reglugerð frá árinu 2010 þar til vorið 2015. Ábyrgðinni á því að halda það námskeið verður ekki með nokkru móti varpað á starfsfólk og er hún því alfarið hjá sveitarfélaginu. Þrátt fyrir framangreint hefur starfsfólk sundlaugarinnar starfað sem sundlaugarverðir með gæslu á sundlaugargestum.

Samstarfsnefndin er sammála um, að miðað við þær upplýsingar sem fram koma hér að framan að sveitarfélagið hafi ekki uppfyllt ákvæði reglugerðarinnar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010 um árlega þjálfun starfsmanna. Vinnuveitendum ber að tryggja starfsmönnum nauðsynlega þjálfun til að þeir geti sinnt störfum sínum með þeim hætti sem reglur kveða á um.

Stéttarfélagið stendur við þá kröfu sína að þessum starfsmönnum sem sinnt hafa sundlaugargæslu samkvæmt starfslýsingu þeirra, verði greidd laun samkvæmt starfsheitinu stundlaugarvörður I og leiðrétta laun þeirra 4 ár aftur í tímann. Stéttarfélagið áskilur sér rétt til fara með málið fyrir dómstóla ef þörf krefur.

2. Grein 2.6.7

Í kjarasamningagerðinni árið 2014 féll niður fyrir mistök ákvæði um breytingu á gr. 2.6.7 um uppgjörsmáta á vinnu á sérstökum frídögum og stórhátíðum, sem samið var um við önnur bæjarstarfsmannafélög. Samstarfsnefndin er sammála um að engu að síður gildi breytingin frá 1. maí 2014 og samningstexti verður leiðréttur með næsta kjarasamningi.

Fleira ekki gert.